

bænda
FERÐIR

HJÓLAÐ UM ÍTÖLSKU RÍVÍERUNA



6. – 13. júní 2026

Fararstjórn: Íris Marelsdóttir

Hjólaferð
Ítalía | Frakkland

Ferðalýsing

Í yfir heila öld hefur strandlengja Lígúríu verið einn vinsælasti ferðamannastaður Evrópu. Sólardagar ár hvert telja um 280 og loftslagið er einstaklega milt. Við heimsækjum fallegustu staði **Ponente rivíerunnar** eða hinnar svokölluðu blómarivíeru. Hjólað verður eftir gömlu lestarleiðinni til strandbæjarins **San Remo** en þar er frægt spilavíti í glæsilegri byggingu. Einnig komum við til smærri bæja líkt og **San Lorenzo al Mare** sem er frægur fyrir ólífuolíuna sína, fiskiporpsins **Arma di Taggia** og nornabæjarins **Triora**. Litríkur gamli bæjarhluti Taggia tekur á móti okkur sem og listamannaþorpið **Bussana Vecchia**. Þau eru mörg sjarmerandi þorpin á Lígúríu ströndinni og við munum t.a.m. hjóla til miðaldaporpsins **Lingueglietta** sem er á lista yfir fallegustu þorp Ítalíu. Á frídeginum gefst tækifæri til að heimsækja furstadæmið **Mónakó**. Í þessari töfrandi hjólaferð verða hvert sem litið er á vegi okkar skrautjurtir, pálmatré, ólífulundir, glæsihús, fallegir miðaldabæir og fornar hallir.

8 dagar | 7 nætur í Santo Stefano al Mare



Undirbúningur

Dagleiðirnar í þessari hjólaferð spanna um 40 -50 km. Ferðahraðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að upplifa umhverfið og njóta þess sem fyrir augu ber. Við ráðleggjum gestum okkar að æfa sig vel fyrir ferðina, fara í nokkra lengri dagstúra og festa kaup á gelhnakki eða hjólabuxum. Því fylgir mikil ánægja að æfa fyrir hjólaferð af þessu tagi og farþegar njóta sjálfrar ferðarinnar betur ef þeir æfa og undirbúa sig vel fyrir ferðina. Fararstjóri mun boða farþega sína í stutta hjólaferð eða ferðir hér heima áður en haldið verður utan. **Vinsamlegast athugið að ef þátttakendur hafa ekki þá getu sem nauðsynleg er fyrir hjóladaga ferðarinnar getur fararstjórinn farið fram á að viðkomandi sleppi einhverjum degi/dögum. Í staðinn er hægt að nýta sér aðstöðu hótelsins eða fara í hjólaferðir á eigin vegum.**

Tillaga að dagleiðum

Íris Marelsdóttir fararstjóri er reyndur hjólari og mun skipuleggja hjólaferðirnar eftir aðstæðum hverju sinni í samráði við enskumælandi innlendan leiðsögumann sem fylgja mun hópnum alla hjóladagana. Eftirfarandi eru leiðarlýsingar til viðmiðunar fyrir fimm hjóladaga sem fararstjóri getur skipulagt ásamt því að breyta eða bæta við stöðum. Gert er ráð fyrir einum frídegi.

1. San Remo

Frá hótelinu liggur hjólaleið dagsins meðfram ströndinni og hjólað verður eftir gömlu lestarleiðinni til strandbæjarins San Remo. Þessi leið er einstök og bíður upp á dásamlegt útsýni yfir ströndina. San Remo er einn elsti vetrardvalarstaðurinn á þessum slóðum og þar er að finna frægt spilavíti í glæsilegri byggingu. Við upplifum þennan fallega bæ hjólandi og gefum okkur tíma til að fá okkur hressingu áður en hjólað er til baka á hótelið.

✓ *Vegalengd: u.þ.b. 40 km*

2. Nornabærinn Triora

Í dag förum við frá hótelinu og hjólum í úthverfi Taggia sem er með einstökum miðaldablæ. Þaðan liggur leiðin í svonefndan Argentínudal en um hann rennur samnefnd á. Skógivaxnar hlíðar eru til beggja handa með litlum þorpum, eins konar listaverk í guðsgrænni náttúrunni. Brátt komum við að fyrsta dæmigerða þorpi þessa dals, Badalucco, og skömmu síðar erum við í Malino di Triora. Senn náum við takmarki dagsins, þorpinu Triora sem er hrífandi miðaldabær í 800 m hæð yfir sjávarmáli. Þorpið er þekkt sem „þorp nornanna“ og fyrir einstaklega gómsætt brauð. Þaðan hjólum við svo til baka á hótél.

- ✓ Vegalengd: u.þ.b. 40 km
- ✓ Hæðarmunur: 780 m



3. Arma di Taggia, Bussana Vecchia & Taggia

Frá hótelinu höldum við í notalegan hjólatúr um sveitir Lígúríu. Við þræðum litla bæi og byrjum á því að heimsækja litla sjávarþorpið Arma di Taggia. Áfram höldum við til listamannabæjarins Bussana Vecchia en bærinn fékk endurnýjun lífdaga snemma á sjöunda áratugnum eftir að hafa verið yfirgefinn draugabær. Að síðustu tekur litríki gamli bæjarhluti Taggia á móti okkur, sem er þekktur fyrir ólífur og söguminjar.

- ✓ Vegalengd: u.þ.b. 40 km



4. Frjáls dagur & Mónakó



Þannan dag er tilvalið að láta hugsanlegar harðsperrur líða úr sér og njóta þess sem hótelið hefur upp á að bjóða, slappa af við sundlaugina eða kynna sér nágrennið á eigin vegum. Einnig stendur til boða að heimsækja furstadæmið Mónakó, stundum kallað dvergíkið Mónakó. Þar er m.a. hægt að skoða kaktusgarðinn en þaðan er glæsilegt útsýni yfir borgina og klettinn sem gamli bærinn var reistur á. Fara í skoðunarferð um klettaborgina en þar er að finna höll furstafjölskyldunnar og dómkirkjuna þar sem Grace Kelly var borin til grafar. Einnig er gaman að skoða glæsilega byggingu Grand Casino spilavítisins í Monte Carlo hverfinu.

Þennan dag er tilvalið að láta hugsanlegar harðsperrur líða úr sér og njóta þess sem hótelið hefur upp á að bjóða, slappa af við sundlaugina eða kynna sér nágrennið á eigin vegum. Einnig stendur til boða að heimsækja furstadæmið Mónakó, stundum kallað dvergíkið Mónakó. Þar er m.a. hægt að skoða kaktusgarðinn en þaðan er glæsilegt útsýni yfir borgina og klettinn sem gamli bærinn var reistur á. Fara í skoðunarferð um klettaborgina en þar er að finna höll furstafjölskyldunnar og dómkirkjuna þar sem Grace Kelly var borin til grafar. Einnig er gaman að skoða glæsilega byggingu Grand Casino spilavítisins í Monte Carlo hverfinu.

5. Lingueglietta, Cipressa, Castellaro

Í dag hjólum við fyrst til miðaldaborgarsins Lingueglietta sem er í 325 metra hæð yfir sjávarmáli og er á lista yfir fallegustu þorp Ítalíu. Þaðan förum við á virkilega fallegan stað í miðjum furuskógi þar sem við njótum stórkostlegs útsýnis yfir Liguria ströndina. Enn hjólum við fram hjá ólífulundum og í gegnum litlu, sjarmerandi þorpin Cipressa, Pompeiana og Castellaro. Lokaáfangastaður dagsins áður en hjólað er til baka á hótelið er Lampedusa helgistaðurinn.

✓ Vegalengd: u.þ.b. 40 km

✓ Hæðarmunur: 700 m



6. San Lorenzo al Mare, Imperia & Dolcedo

Frá hótelinu hjólum við í gegnum ólífuekrur til Dolcedo en staðurinn er þekktur fyrir framleiðslu á ólífuolíu. Á leiðinni sjáum við líka rómverska steinakapellu og heillandi miðaldaborg. Síðdegis komum við að strandbænum Imperia, skoðum gamla bæjarhlutann Porto Maurizio og njótum lífsins á þessum fallega stað. Við hjólum til baka eftir strandlengjunni til Santo Stefano al Mare og munum þá hjóla fram hjá Oneglia, fornu höfn Imperia.

✓ Vegalengd: u.þ.b. 50 km



Hótel



Gist verður á 4* Best Western Hotel Anthurium í Santo Stefano al Mare. Hótelið er staðsett 100 m frá ströndinni á milli Imperia og San Remo. Herbergin eru með loftkælingu, míníbar, sturtu, hárburrku, sjónvarpi með gervihnattastöðvum og öryggishólfi. Í garðinum er þægileg sundlaug og hugguleg sólbaðsaðstaða með bekkjum.

Flug

Flogið verður með Icelandair til Nice þann 6. júní. Brottför frá Keflavík kl. 08:20 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Nice kl. 14:40 að staðartíma. Frá flugvælinum í Nice eru u.þ.b. 80 km til hótelsins í Santo Stefano al Mare. Á heimleið 13. júní er flogið frá Nice kl. 15:40. Lending á Íslandi kl. 18:00 að staðartíma.

Verð

369.900 kr. á mann í tvíbýli | 59.000 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í Nice og hótelsins.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á 4 stjörnu hóteli.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Leiga á rafhjóli í 6 daga.
- ✓ Aðgangur að sundlaug hótelsins.
- ✓ Hjólaprógramm í 5 daga.
- ✓ Skoðunarferð til Mónakó með rútu.
- ✓ Innlend leiðsögn í hjólaferðum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Leiga á hjólahjálmi 2.040 kr.
- ✓ Leiga á hjólatösku 3.060 kr.
- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, í hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar, lestarferðir og leigubílaakstur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjórfé.
- ✓ Ferða- og forfallatrygging.

